



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarstjórna,
bæjar- og sveitarstjóra og
formanna og framkvæmdastjóra
landshlutasamtaka sveitarfélaga

Reykjavík 20. júlí 2018

1602044SA KB/vrh
Málalykill: 002

Efni: Boðun XXXII. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga

Hér með er boðað til XXXII. landsþings sambandsins á Akureyri dagana 26. til 28. september 2018. Landsþingið verður sett kl. 16 miðvikudaginn 26. september og stefnt er að því að ljúka þingstörfum um hádegi föstudaginn 28. september.

Öll sveitarfélög á landinu eiga aðild að sambandinu og eiga rétt til að senda fulltrúa á landsþingið í samræmi við íbúafjölda 1. janúar 2018, sbr. ákvæði 5. gr. samþykktar sambandsins og sbr. bréf til allra sveitarfélaga um kjör fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 4. júní 2018, þar sem fulltrúafjöldi hvers sveitarfélags var tilgreindur. Er hér með ítrekað, að þau sveitarfélög sem enn hafa ekki tilkynnt um kjör fulltrúa á landsþing sambandsins, sendi bréflaga tilkynningar þar að lútandi sem allra fyrst eða í síðasta lagi fyrir 1. ágúst nk. til skrifstofu sambandsins.

Þá eiga framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. bæjar- og sveitarstjórar, auk formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga, rétt til setu á landsþingi með málfrelsi og tillögurétti. Tilkynningar um þátttöku framangreindra aðila skal senda til skrifstofu sambandsins sem allra fyrst á netfangið sigridur@samband.is eða með landpósti. Aðrir en þeir sem að framan er getið hafa ekki heimild til setu á landsþinginu.


Sambandið hefur samið við Iceland Travel um að annast bókanir og uppgjör vegna gistingar þeirra landsþingsfulltrúa sem munu gista á hótélum á Akureyri meðan þingið stendur. Allar gistibókanir verða að fara fram í gegnum sérstaka skráningarsíðu, nánari upplýsingar á www.samband.is.

Innheimta verður hjá sveitarfélögunum og landshlutasamtökunum þátttöku- og skráningargjald af hverjum þátttakanda á landsþinginu að fjárhæð kr. 20.500 til þess að standa undir ýmsum kostnaði við þinghaldið, eins og gert var fyrir fjórum árum.

Dagskrá XXXII. landsþings sambandsins og aðrar upplýsingar um tilhögun þingsins verða síðar sendar sveitarstjórnunum, kjörnum landsþingsfulltrúum, bæjar- og sveitarstjórnunum og formönnum og framkvæmdastjórnunum landshlutasamtaka sveitarfélaga. Stefnt er að því að hluti landsþingsins verði sendur út beint á vef sambandsins og verða nánari upplýsingar um það sendar síðar til allra sveitarstjórnarmanna.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri